Afli smábáta sá hæsti í sögunni

Afli smábáta á aflamarki, strandveiðibáta, krókaaflamarksbáta, grásleppubáta og makrílbáta hefur aldrei verið meiri.

92.818 tonn

Alls voru 1.041 bátar á bakvið þann afla – 559 í krókaaflamarki, 140 í aflamarki og 342 (664) eingöngu á strandveiðum.

Alls veiddu smábátaeigendur um 58 þúsund tonn af þorski sem jafngildir 23,0% af því sem veitt var í íslenskri lögsögu.

Hlutdeild smábáta í heildarafla ýsu var 27% - 10.474. Þar af voru krókabátar með 26%.

Trillukarlar veiddu 4.212 tonn af steinbít sem jafngildir 47% hlutdeild.

Til að enda þessa talnarunu er rétt að geta þess að heildaraflaverðmæti smábáta fiskveiðiárið 2015/2016 varð 23 milljarður. Þá tölu er hægt að tvöfalda þegar litið er til útflutningsverðmæta sem skilar um 46 milljörðum.